

Skeiða- og Gnjúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnes
801 SELFOSS

Garðabær, 14. nóvember 2024
Málsnúmer: 202409-0055
LA

Efni: Nýtt efnistökusvæði í Sandártungu. Aðalskipulagsbreyting.

Vísað er í tölvubréf frá Skeiða- og Gnjúpverjahreppi, dags. 26. september 2024, þar sem óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Fyrirhuguð er breyting á landnotkun í Sandártungu í Þjórsárdal þar sem hluta skógræktar- og landgræðslusvæðisins (SL17) verður breytt í efnistökusvæði. Efnið verður unnið úr Búrfellshrauni sem verður sprengt og malað innan svæðisins og aðallega nýtt í breytingar á Þjórsárdalsvegi og grjótvörn fyrir brú yfir Þjórsá. Heimilt verður að taka allt að 200.000 m³ af efni á um 4,2 ha svæði. Vinnsludýpi námunnar verður um 4-6 m.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um aðalskipulagsbreytingarnar og hefur áður skilað inn umsögnum um efnistökusvæðið í Sandártungu (18. júní og 5. júlí 2024). Stofnunin ítrekar að ekki er æskilegt að opna nýtt efnistökusvæði innan menningarlandslags í Þjórsárdal þar sem markmið friðlýsingar er að standa vörð um menningarsöguleg verðmæti. Ekki er gerð nægileg grein fyrir flóðahættu í námuna eða afrennsli frá henni m.t.t. mengunar. Náttúrufræðistofnun er enn á þeirri skoðun að huga ætti að öðrum efnistökukostum með það að leiðarljósi að hlífa friðlýstu menningarlandslagi og nútímahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, fyrir raski. Fyrirhuguð efnistökusvæði er innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur